

LÖG

um lífeyrisréttindi húsmæðra, breytingu á lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný gr. er orðist svo:

Nú ákveður félagi í lífeyrissjóði, sem á rétt á töku fæðingarorlofs skv. lögum nr. 97/1980, að hverfa úr fyrra starfi að hluta eða öllu leyti og til heimilisstarfa vegna barnsburðar og er þá þeim lífeyrissjóði, sem viðkomandi er félagsmaður í, skylt að veita félagsmanninum heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum á óbreyttum grundvelli í allt að 7 ár, enda taki félagsmaður þá að sér að greiða iðgjaldahlut atvinnurekanda ásamt sínum eigin. Slíkur félagsmaður nýtur allra sömu réttinda í lífeyrissjóðnum og aðrir félagsmenn, þ. á m. lánsréttinda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L.S.)

Matthías Á. Mathiesen.

19. júní 1985

Nr. 59

LÖG

um breyting á lögum nr. 9 13. febrúar 1970, um Iðnþróunarsjóð, sbr. lög nr. 43/1980.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi, dags. 12. desember 1969, um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland, sbr. viðbótarsamning, dags. 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1985.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Magnús Þ. Torfason.

(L.S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Fylgiskjal.

A. 1. liður samningsins orðist svo:

Tilgangur.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu alhliða og samkeppnishæfs atvinnulífs á Íslandi og skal hann leggja megináherslu á tækni- og iðnþróun og samvinnu á sviði iðnaðar og viðskipta milli Íslands og hinna Norðurlandanna.

B. 3. liður samningsins orðist svo:

Gengisákvæði.

Reikningseining sjóðsins skal vera jöfn einum bandaríkjadal. Lán, sem tekin eru í öðrum gjaldmiðli en bandaríkjadal, skulu endurlánuð í sama gjaldmiðli. Lán, sem veitt eru af eigin fé sjóðsins, má veita í öðrum gjaldmiðli eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins.

C. 4. liður samningsins orðist svo:

Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

- a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila,
- b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum,
- c) að kaupa í sérstökum tilvikum hlutabréf í nýjum og starfandi fyrirtækjum, enda verði að því stefnt að selja hlutabréfin strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir,
- d) að veita í sérstökum tilvikum lán með hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það var í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Fé til ofangreindrar starfsemi fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum. Ákvarðanir um lánveitingar, hlutabréfakaup og ábyrgðir skulu vera í samræmi við almenn viðskiptasjónarmið.

Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjár og eigin fjár. Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða sem hafa sama tilgang og sjóðurinn. Sama gildir um kaup á hlutabréfum.

Þess skal ávallt gætt að á móti óendurgreiddum stofnframlögum og lánum til sjóðsins standi lán með fullnægjandi tryggingum.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir.